

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 20.11 2020

Umsögn um starfsleyfi fyrir aukna framleiðslu Kalkþörungaverksmiðjunnar í Bíldudal.

Frá því kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal tók til starfa 2007 hefur heilbrigðiseftirlit Vestfjarða skynjað óánægju íbúa á Bíldudal, vegna mengunar frá verksmiðjunni, annarsvegar vegna hávaða sem er yfir mörkum og hinsvegar vegna kalkryks. Versmiðjan er staðsett í miðjum bæ.

Grein 3,6 Hámarkslosun í útblæstri frá þurrkara. Viðmið er það sama og verið hefur $20\text{mg}/\text{N}^3$ en verksmiðjan hefur nánast aldrei uppfyllt skilyrði sem fram koma í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og sem fram kemur í eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar. Leggja þarf ríkari áherslu á mælingar á ryki í frá verksmiðjunni og að öruggt sé að mælingar séu framkvæmdar þegar verksmiðjan er á fullum afköstum. Í fyrra starfsleyfi eru ákvæði um **rykmælingar í skorsteini tvisvar á ári** en ekki verður séð af þeim gögnum sem finna má á síðu Umhverfisstofnunar að því hafi verið framfylgt.

2008 mældist ryklosun $1.151\text{mg}/\text{N}^3$

2009 mældist ryklosun $19\text{mg}/\text{N}^3$ með nýrri pokasíu

2010 fóru mælingar ekki fram.

2011 mældist ryklosun $33\text{mg}/\text{N}^3$ ryklosun vel yfir mörkum

2012 mælingar undir mörkum Töluleg gildi ekki gefin upp í eftirlitsskýrslu

2013 mælingar frá rykhreinsibúnaði ekki framkvæmdar

2014 eftirlit eftir kvörtun,

2014 mældist ryklosun $39,2\text{mg}/\text{N}^3$ Ný mæling undir mörkum eða $18\text{mg}/\text{N}^3$,

2015 finn ekki mælingar á ryki

2016 Verksmiðjan áminnt þar sem ekki er afsog frá öllum ryk uppsprettum.

2017 finn ekki mælingar á ryki

2018 yfir starfsleyfis mörkum.

2019 $6,5\text{mg}/\text{Nm}^3$

2020 mælingar á ryki ekki farið fram.

Til viðbótar við kalkryk úr skorsteinum eru ryk uppsprettur innanhúss sem þarf að loka af. Eins eru miklir efnishaugar á lóð verksmiðjunnar ásamt stæðu af úrgangstryki í stórsekkjum.

Betri regla þarf að vera á rykmælingum og Umhverfisstofnun ætti að skoða hvort ekki eigi að staðsetja svifryksmæli á Bíldudal í eitt eða tvö ár.

Mynd 1 tekin 10 nóvember 2020 sýnir útblástur frá verksmiðju og önnur ryk uppspretta frá verksmiðjunni ber við kirkjuturn



Mynd 1 tekin 10. nóvember 2020 sýnilegt ryk í reyk og önnur rykupspretta ber við kirkjuturn.



Mynd 2 tekin 10. nóvember 2020 sýnir efnishaug og úrgangshaug við verksmiðjuhlíð.

Grein 3.12 í Starfsleyfi segir að draga skuli skipulega úr úrgangi og sá úrgangur sem fellur til skal komið til endurnýtingar eða skipulega förgun. Ekki er að sjá að þetta hafi verði haft í hávegum. Stór haugur af rykúrgangi í stórsekkjum er við verksmiðjuhlíð. Ákvæði í starfsleyfi (3.6) gerir ráð fyrir að hráefni sé flutt í lokuðu kerfi og vindbrjótar settir upp til að draga úr áhættu af rykmengun frá hráefnishaugum. Það ætti að vera til bóta en miðað við hæð hráefnishaugs (sjá mynd) þá er vafasamt að slík mannvirki komist fyrir á lóðinni.

Í eftirlitsskýrslum og áminningarbréfum Umhverfisstofnunar koma ítrekað fram kvartanir vegna ryks, vegna hávaða og vegna varps efna í hafið. Þó hljóðmælingar uppfylli skilyrði í starfsleyfi við lóðarmörk þá stoppar hávaðinn ekki við lóðarmörkin heldur berst um þorpið og veldur íbúum óþægindum. Því er ágætt að í grein 3.13 er ákvæði um að hávaði að næurlagi við íbúðarhús fari ekki yfir gildandi mörk. Forráðamenn verksmiðjunnar hafa bent á einhverja aðra sem einnig stafi hávaði frá Spurning er hvort verði að gera kröfu um stefnuvirka hljóðnema þannig að hægt sé að ákvarða þá sem eiga hávaðann. Verksmiðjan er starfrækt allan sólarhringinn, á næturnar er píphljóð frá tækjum, skruðningar frá færíböndum og hávaði frá viftum það sem Bílddælingar hafa bent á að trufla nætursvefn.

Þar sem töluverð reynsla er komin á rekstur kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og starfsleyfi. Vill heilbrigðiseftirlit Vestfjarða áréttta að krafa er um að íbúar á Bíldudals

njóti sömu umhverfisgæða og aðrir íbúar landsins. Því þarf að vera tryggt að nýtt starfsleyfi taki á eftirfarandi þáttum.

1. að fylgst verði betur með útblæstri og rykmengun frá verksmiðjunni.
2. tryggt verði að hávaðamörk séu haldin
3. að tryggur farvegur sé fyrir úrgang frá verksmiðjunni en hann ekki látinn hlaðast upp við verksmiðju hlið.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða